

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 29. janúar 2008 í máli nr. E-2045/2007:

Félag skipstjórnarmanna

(Jónas Haraldsson hrl.)

gegn

Brim hf.

(Magnús Helgi Árnason hdl.)

Mál þetta, sem dómtekið var 21. janúar 2008, er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Félagi skipstjórnarmanna, kt. 000000-0000, Borgartúni 18, Reykjavík, á hendur Brimi hf., kt. 000000-0000, Fiskitanga 4, Akureyri, er sótt var þing af hálfu aðila er málið var þingfest 20. mars 2007.

Dómkröfur stefnanda eru að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 674.400 krónur auk dráttarvaxta samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 38/2001 af þeirri fjárhæð frá 1. október 2006 til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu að teknu tilliti til virðisaukaskatts af málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefnda eru *aðallega* að félagið verði sýknað af kröfum stefnanda og að stefnanda verði gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt framlögðum málskostnaðarreikningi. *Til vara* að krafa stefnanda verði lækkuð og hvor aðili málsins látinn bera sinn kostnað af málinu.

Upplýst er að Útgerðarfélagið Sólbakur ehf. var sameinað stefnda Brimi hf., hinn 8. júní 2006, og við sameininguna tók Brim hf. við öllum réttindum og skyldum Útgerðarfélagsins Sólbaks ehf., sbr. XIV. kafla laga nr. 138/1994.

Af hálfu stefnanda er greint frá málsatvikum og málsástæðum á þann veg að stefndi eigi og geri út fiskiskipið b.v. Sólbak EA – 7 (2262) frá 9. júní 2006, en frá 20. september 2004 hafi skipið verið leigt Útgerðarfélaginu Sólbak ehf., sem var dótturfélag stefnda. Hinn 8. júní 2006 hafi Útgerðarfélagið Sólbakur ehf. verið sameinað stefnda. Þá er greint frá því að stefndi geri einnig út b.v. Harðbak EA – 3 (1412).

Byggt er á því að krafa stefnanda sé vangreitt vinnuréttindagjald af nafngreindum skipstjórnarmönnum þessara tveggja skipa í eigu stefnda tímabilið 20. september 2004 til 28. febrúar 2007. Ekki skipti máli þó umræddir skipstjórnarmenn séu ekki félagsmenn í stéttarfélagi stefnanda. Bent er á kjarasamninga milli Farmanna- og fiskimannasambands Íslands [FFSÍ] og Landssambands íslenskra útvegsmanna [LÍÚ]. Í því sambandi er vísað til 1. mgr. greinar 1.34 í kjarasamningi FFSÍ og LÍÚ en þar segir: „Útgerðarmönnum er skylt að halda eftir af kaupum yfirmanna er hjá þeim starfa fjárhæð, sem nemur ógreiddu félags- eða vinnuréttindagjaldi til viðkomandi stéttarfélags innan FFSÍ.“ Þá segi í 2. mgr. 6. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980: „Atvinnurekanda er skylt að halda eftir af launum starfsmanns iðgjaldi hans til viðkomandi stéttarfélags samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina.“ Með orðunum *viðkomandi stéttarfélag* sé í þessu tilviki átt við stefnanda, Félag

skipstjórnarmanna, enda væri starfað eftir kjarasamningi félagsins og ekki um annan kjarasamning að ræða.

Af hálfu stefnda er bent á að Útgerðarfélagið Sólbakur ehf. hafi verið sameinað stefnda, Brimi hf., hinn 8. júní 2006, en við þá sameiningu hafi Brim hf. tekið við öllum réttindum skyldum Útgerðarfélagsins Sólbaks ehf. Þá er vísað til þess að í málavaxtalýsingu stefnanda sé ekki vikið að því að Útgerðarfélagið Sólbakur ehf. var ekki aðili að LÍÚ né Samtökum atvinnulífsins enda hafi félaginu ekki verið skylt að vera aðili að þessum samtökum.

Stefndi byggir í fyrsta lagi á því að félagið eigi ekki aðild að málinu. Ágreiningslaust sé að þeir skipstjórnar- og stýrimenn er hér um ræðir hafi ekki verið félagsmenn í stéttarfélagi stefnanda á tímabilinu 20. september 2004 til 28. febrúar 2007. Af texta 2. mgr. 6. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980 verði ekki ráðið að stefnda beri að halda eftir iðgjaldi til stéttarfélags nema viðkomandi starfsmaður sé félagsmaður í stéttarfélaginu. Vísað er til þess að skýra eigi ákv. 2. mgr. 6. gr. laganna í ljósi 1. ml. 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands, sbr. 12. gr. laga nr. 97/1995. Með öðrum orðum eigi launamaður stjórnarskrárvarinn rétt til þess að ákveða hvort hann er félagsmaður í stéttarfélagi eða ekki. Kjarasamningur geti ekki breytt því. Marklaust sé að ákvarða skyldu til að greiða félagsgjalds án aðildar viðkomandi launamanns að samningnum og án lagaheimildar, hvort sem það gjald kallast atvinnuréttargjald eða vinnuréttindagjald. Réttur stéttarfélags til þess að krefja ófélagsbundna atvinnurekendur um greiðslu sé sérstaklega tilgreindur í 1. mgr. 6. gr. laga nr. 55/1980 og varði greiðslur í sjúkrasjóði og orlofsjóði stéttarfélaga. Engar slíkar undanþágur taki til ófélagsbundinna launamanna.

Í öðru lagi byggir stefndi á því að gögn málsins staðfesti hvorki né bendi ótvírætt til þess að fullyrðing stefnanda í þá veru að kjarasamningsaðilar hafi samið fyrir *einhverjum áratugum síðan* að útgerðarmönnum væri ekki bara skylt að halda eftir og skila greiðslu félagsgjalda í Félag skipstjórnarmanna, heldur samið svo um, að útgerðarmönnum væri á sama hátt skylt að halda eftir og skila vinnuréttindagjaldi af ófélagsbundnum skipstjórnarmönnum að sömu fjárhæð og félagsgjaldið.

Verði ekki fallist á kröfu stefnda krefst stefndi til vara að dómkrafa stefnanda verði lækkuð í 201.400 kr. Vísar stefndi í því sambandi til dóms Hæstaréttar í málinu nr. 114/2004 frá 21. október 2004. Samkvæmt þessum dómi eigi stéttarfélög kröfu samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 55/1980 á hendur öllum atvinnurekendum að þeir greiði iðgjöld, tæmandi talið, í sjúkrasjóði og orlofsjóði viðkomandi stéttarfélaga sem aðildarsamtök vinnumarkaðarins semja um hverju sinni í kjarasamningum. Þann hluta kröfu

stefnanda vegna tilgreindra starfsmanna Útgerðarfélagins Sólbaks ehf., sbr. dskj. nr. 7, beri stefnda því ekki að greiða.

Guðjón Ármann Einarsson, framkvæmdastjóri stefnanda, gaf skýrslu fyrir rétti. Lögð voru fyrir Guðjón dskj. nr. 7 og nr. 10, en það eru skjöl sem lögð voru fram af hálfu stefnanda undir nafninu *yfirlit stefnanda yfir vangreidd vinnuréttindagjöld*. Guðjón kvaðst hafa samið þessi skjöl. Hann kvaðst einnig hafa sett saman aðra útreikninga, sbr. dskj. nr. 4 og nr. 9, en það hafi verið eldri útreikningar fyrir breytingu á skrásetningu á skipinu. Fyrst hefði það bara verið Sólbakur, fyrirtækið, síðan hafi það verið fært undir Brim. Þess vegna hefði þurft að gera reikninga upp á nýtt.

Lagt var fyrir Guðjón dskj. nr. 18, sem er form af ráðningarsamningi. Hann kvaðst ekki kannast við þetta skjal. Þá var lagt fyrir Guðjón dskj. nr. 26, sem er myndrit af inntökubeiðnum. Guðjón kvaðst kannast við þá menn sem þar eftir óska að gerast félagar í Skipstjórafélagi Norðlendinga. Þá var lagt fyrir Guðjón dskj. nr. 27, sem er úrsögn Jóhanns Gunnarssonar úr „Félagi Skipstjórarmanna“. Guðjón sagði að fleiri skriflegar úrsagnir hefðu ekki borist, aðrar úrsaganir hefðu borist munnlega. Samband hefði verið haft við „okkur“, en það hefðu verið þeir þrír menn sem sögðu sig úr félaginu [dskj. nr. 26]. Hafi þeir sagt að þeim hefði verið gert af útgerðinni að segja sig úr félaginu ef þeir vildu starfa áfram á skipinu.

Lagt var fyrir Guðjón dskj. nr. 31, sem er myndrit af ráðningarsamningi Jóhanns Gunnarssonar við útgerðarfélagið Sólbak ehf., dags. 26. október 2004. Guðjón kvaðst hafa séð þennan samning. Hann kvaðst hafa skoðað hann og borið hann saman við kjarasamninginn. Ráðningarsamningurinn væri í langflestum atriðum eins og kjara-samningurinn. Guðjón tilgreindi nokkur atriði um frávik í því sambandi.

Vísað var aftur til dskj. nr. 7 og nr. 10. og spurt var hvernig fjárhæðir, er þar eru greindar, voru reiknaðar, en þar sé getið um „Viðmiðunarlaun pr. dag“. Guðjón sagði að nákvæmlega hafi verið reiknað samkvæmt kjarasamningi. Viðmiðunarlaunin væru byggð á meðalafra sambærilegra skipa, ekki hafi verið við annað að miða. Upplýsingar væru um tekjur á sambærilegum skipum. Upplýst væri á netinu hvað mikið var fiskað á Sólbaki EA 7 og Harðbaki EA 3 á þessum tíma. Þá hefði legið fyrir hvað greitt var fyrir aflann. Lágmarksverð væri lögbundið 1% af launum. Síðan hefðu laun verið reiknuð með hefðbundnum hætti.

Lagt var fyrir Guðjón dskj. nr. 31, sem er myndrit af ráðningarsamningi Gunnars Þórarinssonar við útgerðarfélagið Sólbak ehf., dags. 12. október 2005. Vísað var til þess að þar kæmi fram að Gunnar

Þórarinnsson væri í stéttarfélaginu Vélstjórafélag Íslands en hann [Guðjón] hefði haldið fram að mönnum hefði verið gert að fara úr Félagi Skipstjórnarmanna til þess að fá að starfa á skipinu. Guðjón sagði að áður en þessi samningur var gerður hafi fyrsti samningur sem reynt var að gera við skipsverja fram hjá aðalkjarasamningi stéttarfélaganna verið á einu blaði, einblöðungi A 4. Þegar þetta hefði ekki gengið þá hafi þetta meira og minna verið dregið til baka. Sjómannasambandið hefði farið í málarekstur og í framhaldi af því hafi verið dregið til baka að mennirnir mættu ekki vera í stéttarfélögum. Guðjón sagði að hann gerði ráð fyrir því að þessi samningur hefði verið gerður eftir það.

Ályktunarorð: Í 2. mgr. 6. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggingu lífeyrisréttinda nr. 55/1980 greinir frá því að atvinnurekanda sé skylt að halda eftir af launum starfsmanns iðgjaldi hans til viðkomandi stéttarfélags samkvæmt þeim reglum, sem kjarasamningar greina. Þá segir í 7. gr. laga um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 að samningar einstakra verkamanna við atvinnurekendur séu ógildir að svo miklu leyti, sem þeir fara í bága við samninga stéttarfélags við atvinnurekandann, enda hafi félagið ekki samþykkt þá. Enn fremur er tiltekið í kjarasamningi milli Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna, grein 1.34, að útgerðarmönnum sé skylt að halda eftir af kaupi yfirmanna, er hjá þeim starfa, fjárhæð, sem nemi ógreiddu félags- eða vinnuréttindagjaldi til viðkomandi stéttarfélags innan FFSÍ [Farmanna- og fiskimannasambands Íslands]. Og í grein 1.40 í kjarasamningnum segir til áréttingar að sérsamningar útgerðarmanns við einstaka skipverja eða skipshafnir, sem fara í bága við samninginn, séu ógildir, enda hafi viðkomandi félag ekki samþykkt þá.

Af framangreindum ákvæðum í lögum og kjarasamningi verður að ætla að stefndi eigi aðild að málinu og jafnframt að ófélagsbundnum skipstjórnarmönnum beri að greiða umkrafið gjald til stefnanda sem ekki er tölulegur ágreiningur um. Þá skiptir ekki máli þótt skipstjórnarmenn, sem hér um ræðir, hafi ekki verið í Félagi skipstjórnarmanna á tímabilinu 20. september 2004 til 28. febrúar 2007.

Samkvæmt framansögðu verður stefndi dæmdur til að greiða stefnanda umkrafða fjárhæð með vöxtum og málskostnaði, allt eins og í dómsorði greinir.

Páll Þorsteinsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

DÓMSORÐ:

Stefndi, Brim hf., greiði stefnanda, Félagi skipstjórnarmanna, 674.400 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 1. október 2006 til greiðsludags.

Stefndi greiði stefnanda 150.000 krónur í málskostnað.

Páll Þorsteinsson